

Grímsnes- og Grafningshreppur
Félagsheimilinu Borg
801 SELFOSS

Garðabær, 11. september 2023
Málsnúmer: 202307-0022
BK

Efni: Öndverðarnes, Neðan Sogsvegur 1a og 1b – Deiliskipulag

Vísað er til tölvubréfs frá Grímsnes- og Grafningshreppi, dags. 14. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Öndverðarnes 1 (L168299). Gert ráð fyrir tveimur lóðum sem heita Neðan-Sogsvegur 1a og 1b, samtals um 2,4 ha. Lóðirnar eru innan lands sem er skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð (F30) í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Um er að ræða lítið svæði sem markast af fyrirbyggðum frístundabyggðum og vegum. Þá eru byggingarreitirnir sjálfir staðsettir í grennd við slóða. Líkt og fram kemur í greinargerðinni þá nýtur birkiskógurinn sérstakrar verndar undir 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Jákvætt er að settar séu hömlur á gróðursetningu trjáa á lóðunum og vill Náttúrufræðistofnun hvetja til þess að öllu raski á birkiskóginum verði haldið í lágmarki.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið

